

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um neyslurými

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að ganga til viðræðna við heilbrigðisráðuneytið um sameiginlegan rekstur á neyslurými í Reykjavík. Í framhaldinu verði lögð fram kostnaðarmetin tillaga til meðferðar velferðarráðs og samþykktar í borgarráði.

Greinargerð:

Velferðarráð samþykkti stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar stuðningsþarfir á fundi þann 5. júní 2019. Í stefnunni eru settar fram fjölmargar aðgerðir sem á að vinna á næstu fjórum árum. Meðal annars um stofnun heimilis fyrir konur með tvígreindan vanda, þ.e. geðrænan vanda og vímuefnaneyslu, eflingu VOR teymis velferðarsviðs, úthlutun í 20 til 25 smáhýsi á vegum sviðsins, kaup á fleiri íbúðum fyrir þennan hóp, setja nýtt neyðarskýli á laggirnar, skoða stöðu kvenna sérstaklega auk þess að efla fræðslu og þekkingu á þeim vanda sem fólk í vímuefnaneyslu á við að etja.

Flest verkefnanna eru komin af stað og sumum lokið þó önnur séu viðvarandi, s.s. fræðsla. Nýtt heimili fyrir sex konur var opnað í lok árs 2019, verið er að undirbúa stofnun áfangameilis fyrir konur í miðborginni, fimm smáhýsi eru komin í Gufunes og von er á fleirum víða um borgina. Kostnaðaráætlun fyrir málaflokkinn í heild nemur 1,2 milljarði króna á árinu 2020 og hefur vaxið mikið á undanförunum árum vegna fjölgunar úrræða. Í dag eru rekin fjögur heimili fyrir fólk í virkri neyslu og/eða virkri neyslu og með geðrænan vanda, þrjú neyðarskýli auk þess sem útgjöld til áfangameila nema ríflega 100 milljónum. Loks er von á allt að 20 smáhúsum, þar sem íbúar munu fá aðstoð og þjónustu VOR teymisins.

Að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er það jákvætt skref að heimila með lögum að reka neyslurými fyrir vímuefnanotendur sem nota vímuefni í æð. Þau sjónarmið sem felast í skaðaminnkun eru mjög mikilvæg og nauðsynlegt er að skapa öruggan vettvang fyrir þessa einstaklinga til að koma í veg fyrir aukinn skaða, veikindi og jafnvel dauða viðkomandi.

Það er mat Reykjavíkurborgar að þó að rekstur neyslurýmis falli að langmestu leyti undir heilbrigðisþjónustu þá sé aðkoma velferðarsviðs að þjónustunni mikilvæg þannig að viðkomandi einstaklingar geti á sama stað fengið félagslega ráðgjöf, húsnæðisaðstoð og aðra þjónustu eftir því sem við á hverju sinni. Því er lagt til að velferðarsviði verði falið að stofna til viðræðna við heilbrigðisráðuneytið um aðkomu að rekstri neyslurýmis m.a. með fjárhagslegum stuðningi.